

## **29. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.02 2012, kl. 13.30**

---

Mætt: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallson, Anna Jóna Árnarsdótti og Lárus Heiðarsson. Þorvarður Ingimarsson boðaði forföll, Magnhildur Björnsdóttir 1.varamaður mætt í hans stað.

Einnig voru mættir til fundar fulltrúar Landsvirkjunar, Pétur Ingólfsson og Georg Pálsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### **Dagskrá:**

- 1. Málefni Kárahnjúkavirkjunar, fulltrúar frá LV**
- 2. Skýrsla oddvita**
- 3. Brunavarnir á Austurlandi, nýr samningur**
- 4. Vatnajökulspjóðgarður**
- 5. Óbyggðasafn í Fljótsdal**
- 6. Vegslóðir í Fljótsdalshreppi**, gestir: Þjóðgarðsvörður austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs og fulltrúar frá félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum .
- 7. Bréf**
  - a) Forsætisráðuneytið dags. 11.01
  - b) HAUST dags. 13.01
- 8. Fjárbæiðnir**
  - a) Hestamannafélagið Freyfaxi
  - b) Skólahreysti
  - c) Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna
  - d) Vignir Elvar Vignisson, *erindi frestað 10.01*
- 9. Fundargerðir**
  - a) Samstarfsnefnd SSA 27.01
  - b) Húsnefnd Végarðs 02.02
- 10. Önnur mál**

#### **1. Málefni Kárahnjúkavirkjunar.**

Pétur Ingólfsson kynnti í máli og myndum fyrirhugaðar framkvæmdir við Sauðárveitu sumarið 2012. Stefnt er að því að framkvæmdir verði boðnar út síðar í vetur, vinna hefjist eins fljótt og aðstæður leyfa og á þeim að vera lokið fyrir 1. október. Með Sauðárveitu eykst orkugeta Kárahnjúkavirkjunar um 40 gígavattstundir á ári, kostnaður alls er áætlaður 500 millj. Stíflur verða jarðvegsstíflur og minnkar því mjög umfang steypuframkvæmda frá fyrri áætlunum. Efni til stíflugerðar fæst að mestu innan lónstæðis og upp úr skurðum sem gerðir verðar. Rætt var um skurðina og að skoða þurfi á hvaða hátt þeir skapa farartálma og mögulega hættu s.s. á vetrum þegar snjór liggur yfir. Hugað verður að frágangi með þetta í huga. Pétur sagði frá framkvæmdum sem unnar voru s.l. sumar, en þá var endurbættur 17 km slóði frá Grjóta að Sauðárvatni, reistar vinnubúðir og undirbúnar jarðvegsframkvæmdir vegna stíflugerðar. Einnig var lagfærður slóði á kafla við Kelduárlón, slóðinn liggur inn að Eyjakofa/Bergkvíslarkofa. Áhugi er hjá Þjóðgarðsverði, hreindýraleiðsögumönnum o.fl. að frekari lagfæring fari fram á slóðanum svo hann verði þökkalega greiðfær alla leið. Þá kom fram að unnið verður að lagfæringum á grjótvörn Ufsarstíflu í sumar.

Oddviti sagði að óskir heimamanna stæðu til þess að fararleið yfir Kelduá verði tryggð með brúar-eða ræsisgerð neðan Kelduárstíflu. Georg sagði að þar sem mikið rennsli gæti verið á yfirfalli væri verið að tala um umtalsvert dýra og viðamikla framkvæmd ætti hún að verða að veruleika.

*Pétri og Georg þökkun koman og yfirgáfu þeir fundinn kl. 14.30*

## **2. Skýrsla oddvita**

Verkefnisstjóri landamerkjaskráningar var með viðveru í Végarði 31. janúar, þar gafst landeigendum/ábúendum kostur á að skoða á loftmyndagrunni landamerkjalinur sem dregnar hafa verið.

Sláturfélag Austurlands boðar til aðalfundar á Hótel Héraði 19. febrúar kl. 13.00

Héraðsskjalasafnið er að hefja vinnu við skráningu á skjölum Fljótsdalshrepps.

HAUST mun áfram sinna verkefnum fyrir Umhverfisstofnun, það hefur áhrif á fjárhagsáætlun samlagsins til lækkunar fyrir aðildarsveitarfélög. Þannig lækkar framlag Fljótsdalshrepps um 13.944,- kr.

Veraldarvinir og Seeds bjóða fram starfskrafta sjálfboðaliða á þeirra vegum.

Stjórn Ormsteitis hefur lagt til að Ormsteitishátíð 2012 hefjist föstudaginn 12. ágúst. Samkvæmt þeirri tímasetningu verður Fljótsdalsdagur Ormsteitis, sunnudagurinn 19. ágúst.

Í íbúaskrá Fljótsdalshrepps 1. desember 2011 kemur fram að íbúatala sé 79.

Þjóðskrá Íslands býður sveitarfélögum upp á nýja þjónustu við birtingu álagningarseðla vegna fasteignagjalda 2012 með rafrænum hætti, á vefnum island.is. Þjónustan verður sveitarfélögum að kostnaðarlausu.

Viðbragðsáætlun stíflurofs Hraunaveitu, Kárahnjúkavirkjunar er tilbúin og verður kynnt á íbúafundi í Fljótsdal 13. mars, kl. 20.30 í Végarði.

HAUST hefur lokið árlegri skoðun á Vegarði, engar athugasemdir komu fram við eftirlit.

Húsfélag Miðvangi 6 boðar til aðalfundar að Hlymsdölum 14. febrúar kl. 17

Timburmenn steypu brúargólf á brú yfir Laugará 1. febrúar.

Landsvirkjun hefur sent sveitarfélaginu skýrslurnar : LV-2011-120- Hreindýratálingar norðan Vatnajökul, með myndatöku úr flugvél 2011 og LV-2011-086- Vistferilsgreining raforkuvinnslu með vatnsafla, Fljótsdalsstöð.

## **3. Brunavarnir á Austurlandi, nýr samningur**

Samningur samþykktur og oddvita falið að skrifa undir hann.

#### 4. Vatnajökulspjóðgarður

Kynnt skýrsla starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði og greinargerð Stjórnháttanna, sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun, um breytta skipun umhverfisstofnana, þjóðgarða og friðlýstra svæða. Í tillögunum er lagt til að þjóðgarðar verði sameinaðir og friðlýst svæði verði hluti af nýrri miðlægri stofnun. Verði farið eftir tillögum Stjórnháttanna er ljóst að ítök heimamanna í stjórnun sinna nærsvæða verða hverfandi og snúið aftur til stjórnháttanna sem alls ekki hafa reynst vel, þá hefur samráð við sveitarfélög verið hunsað í aðdraganda málsins. Sveitarstjórn telur stjórnkerfi Vatnajökulspjóðgarðs hafa sannað gildi sitt og nær væri að yfirfæra það yfir á nýja stofnun, með virkri aðkomu heimamanna, en fara eftir tillögum sem fram koma í greinargerð Stjórnháttanna. Ljóst er hverjum sem vill vita að engar líkur væru á að Vatnajökulspjóðgarður hefði orðið að veruleika ef stjórnkerfi sem það byggir á hefði ekki verið lagt til grundvallar við stofnun garðsins. Að stjórnar- og verndaráætlun hafi orðið til á þeim skamma tíma sem þjóðgarðurinn hefur verið starfræktur má líka þakka gífurlegri vinnu sem fram hefur farið í svæðisráðum sem nú hafa verulegu hlutverki að gegna í stjórnun.

Oddviti sagði að unnið væri að samráði sveitarfélaga sem liggja að þjóðgarðinum um samræmd viðbrögð við framkomnum tillögum að framtíðarskipan þjóðgarðsins.

#### 5. Óbyggðasafn í Fljótsdal

Gefin hefur verið viljayfirlýsing um stuðning við verkefnið.

#### 6. Vegslóðir í Fljótsdalshreppi.

Fulltrúar frá félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum, Reimar Ásgeirsson, Jón Hávarður Jónsson, Emil Björnsson og Agnes Brá Birgisdóttir, þjóðgarðsvörður Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, mættu til fundar kl. 15:00.

Rætt um slóðamál og áherslur gesta á viðhald og uppbyggingu slóða í Fljótsdalshreppi og hvar helst væri þörf á bættu aðgengi varðandi hreindýraveiðar. Af hálfu leiðsögumanna er talið mikilvægt að bæta aðgengi að veiðisvæðum með úrbótum á slóða inn Gilsárdal og tengingu hans við slóða sem liggur upp frá Sturluflöt, en einnig er talið að bæta þurfi þann slóða að hluta. Slóð inn að Eyjakofa var nefndur, Sauðakofaslóð, Klausturselsleið o.fl. Þjóðgarðsvörður sagði frá því að sótt yrði í styrkvegaskjól til lagfæringar á umræddri slóð að Eyjakofa og Sauðakofaslóða, en hann væri mjög illa farinn og þyrfti miklu að kosta til að gera hann í stakk búinn fyrir umferð, jafnvel sæi hún fyrir sér að kæmi til lokana á honum. Aðilar eru sammála um að æskilegt væri að koma upplýsingum um slóða á kortagrunn. Ýmsar upplýsingar eru til um slóða t.d. er Félag hreindýraleiðsögumanna með upplýsingar sem þeir eru tilbúnir að leggja fram verði farið í þá vinnu að gera kort. Gunnþórunn tók að sér að kanna vilja bæjaryfirvalda á Fljótsdalshéraði til þess að sveitarfélögin komi saman að því að ýta verkefni af stað sem hefði að markmiði að gera kort með slóðum innan marka sveitarfélaganna. Ræddar voru hugmyndir að merkingum slóða og fram kom að á svæði þjóðgarðsins væri í gangi vinna við merkingar. Fleira var rætt um s.s. arðsemi af hreindýraveiðum og að leggja ætti áherslu á að umsjón og stjórn hreindýramála væri á Austurlandi.

*Gestir yfirlýfing fundinn um kl. kl. 17.30*

## 7. Bréf

- a. Forsætisráðuneytið dags. 11.01. Kynnt. Varðar afmörkun lóðar við Laugafellsskála. Ekki er hægt að stofna lóðir á Þjóðlendu fyrr en Þjóðlendan hefur verið skráð og stofnuð í fasteignaskrá, Þjóðskrár
- b. HAUST dags. 13.01. Kynnt. Varðar landmótun, uppfyllingu og starfsleyfisskyldu svæða.

## 8. Fjárbeiðnir

- a. Hestamannafélagið Freyfaxi. Sækir um styrk vegna mótahalds á árinu. Samþykkt að styrkja félagið um 50.000 kr.
- b. Skólahreysti  
Kynnt. Hafnað, en vilji er til að styrkja keppnislið frá Hallormsstaðarskóla verði lið þaðan sent í keppnina.
- c. Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna  
Kynnt. Hafnað.
- d. Vignir Elvar Vignisson, *erindi frestað 10.01*  
Málinu var frestað á ný. Sveitarstjórn mun taka ákvörðun um hvort af stuðningi verði, þegar upplýsingar um framgang og fjármögnun liggja fyrir.

## 9. Fundargerðir

- a. Samstarfsnefnd SSA 27.01. Kynnt.
- b. Húsnefnd Végarðs 02.02. Kynnt.

## 10. Önnur mál

- a) Samþykkt að sveitafélagið greiði kostnað við veitingar í Klausturkaffi vegna úthlutunar á styrkjum Menningarráðs Austurlands kr. 112.200 kr. fjármagn til þess verður tekið af óráðstöfuðu eigin fé.
- b) Sveitarfélagið hefur fengið 2.000.000 kr styrk frá Ferðamálastofu fyrir verkefnið Hengifoss – skipulag, hönnun og framtíðarsýn.
- c) Kynntar breytingatillögur Verkfræðistofu Austurlands á innra skipulagi húsnæðis Fljótsdalshrepps, Miðvangi 6. Samþykkt tillaga þar sem rýmra gangpláss er framan við snyrtingar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 19:06.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)